

SEÐLABANKI ÍSLANDS

Peningamál 2021/3



Almenn kynning

Þórarinn G. Pétursson
Aðalhogfræðingur Seðlabanka Íslands




Ytri skilyrði og innlent raunhagkerfi

Kapphlaup smita og bólusetningar

- Smitum tók víða að fjölga hratt í sumar í kjölfar útbreiðslu Delta-afbrigðis veirunnar sem virðist meira smitandi en fyrri afbrigði
- Á móti kemur aukin bólusetning sem virðist hafa dregið úr hættu á alvarlegum veikindum og gert stjórnvöldum kleift að viðhafa minni hömlur á efnahagsstarfsemi en í fyrri bylgjum farsóttar – víða verið slakað á sóttvarnaraðgerðum þrátt fyrir fjölgun smita


Ný dagleg tilfelli af COVID-19¹

1. febrúar 2020 - 20. ágúst 2021



Fjöldi fólks sem er fullbólusett²

1. janúar 2021 - 20. ágúst 2021






1. Sjö daga hreyfanlegt meðaltal. 2. Hlutfall fólks sem talið er fullbólusett samkvæmt viðmiði heilbrigðisyfirvalda. Norðurlönd eru meðaltal Danmerkur, Noregs og Svíþjóðar. Sjö daga hreyfanlegt meðaltal.

Heimildir: Alþjóðaheilbrigðismálastofnunin, Covid.is, Johns Hopkins University, Our World in Data.

Mikil hækkun olíu, hrávöru og flutningskostnaðar




- Kröftugur efnahagsbati og mikil eftirspurn eftir varanlegum neysluvörum ásamt framleiðslutrufnunum vegna farsóttar og annarra framboðsáfalla hafa leitt til mikillar hækkunar á olíu- og hrávöruverði og flutningskostnaði og lengt afhendingartíma
- Á móti vega mikil hækkun álverðs og kröftugri viðsnúningur í verði sjávarafurða: viðskiptakjör töluvert hagstæðari í ár



1. Landbúnaðarafurðir skiptast í matvæli (62%), drykkjarvörur (13%) og hráefni (25%). Verðvísitala gámaflutninga er Freightos Global Container Index. 2. Grunnspá Seðlabankans 2021-2023. Brotalína sýnir spá PM 2021/2.
Heimildir: Alþjóðabankinn, Freightos Limited, Hagstofa Íslands, Refinitiv Datastream, Seðlabanki Íslands.

Horfur á meiri útflutningsvexti í ár en spáð var í maí




- Eftir bata á H2/2020 gaf útflutningur eftir á ný á Q1/2021 (grunnáhrif hugverka frá Q4/2020) ... í takt við spá PM 21/2
- Meiri fjölgun ferðamanna í sumar en spáð var í PM 21/2 en lakari horfur á Q4: 680 þús. á árinu öllu (660 þús. í PM 21/2)
- Horfur á tæplega 15% vexti útflutnings í ár (11% í PM 21/2): meiri fjölgun ferðamanna og bætтар horfur í sjávarútvegi



1. Árstíðarleiðréttar magnvísitölur. 2. Uppsafnaður fjöldi hvers árs. Punkturinn sýnir heildarfjölda 2021 samkvæmt grunnsþá Seðlabankans. 3. Vegna keðjutengingar getur verið að summa undirliðanna sé ekki jöfn heildarútflutningi. Ferðaþjónusta er samtala á „ferðalögum“ og „farþegaflutningum með flugi“. Áútflutningur skv. skilgreiningu þjóðhagsreikninga. Grunnsþá Seðlabankans 2021-2023. Brotalína sýnir spá frá PM 2021/2. Heimildir: Ferðamálastofa, Hagstofa Íslands, Seðlabanki Íslands.

Eftirspurn á Q1 veikari en vænst var en Q2 sterkur ...

- Einkaneyslan jókst um 2,5% milli fjórðunga á Q1/2021 – helmingi minna en spáð hafði verið í PM 21/2 – talið var að heimilin myndu ganga hraðar á mikinn sparnað í takt við aukna umferð, kortaútgjöld og bjartsýni heimila ... sem benda til sterks Q2
- Svipaðar vísbendingar um atvinnuvegafjárfestingu sem olli vonbrigðum á Q1: útlit fyrir mjög kröftugan vöxt á Q2



1. Við útreikning á hlutfalli sparnaðar er miðað við áætlun Seðlabankans um ráðstöfunartekjur. Árstíðarleiðrétt gögn. 2. Væntingavísitala Gallup er árstíðarleiðrétt. Grunnspá Seðlabankans 2. ársfj. 2021 fyrir einkaneyslu. 3. Samanlögð velta í byggingastarfsemi og mannvirkjagerð. Gögnin eru eftir tveggja mánaða virðisaukaskattstímabilum og staðvört með byggingavísitölu. Punkturinn er áætlun Seðlabanka Íslands fyrir maí og júní. 4. Samanlagt innflutningsverðmæti almennra fjárfestingavara og flutningatækja til atvinnurekstrar, þó ekki skipa og flugvéla, staðvört með gengisvísitölu.


Heimildir: Gallup, Hagstofa Íslands, Seðlabanki Íslands.

... og horfur á meiri hagvexti á árinu öllu


- Samdráttur VLF á Q1 um tvöfalt meiri en spáð var í maí: VLF var því 1,7% minni en fyrir ári en í maí hafði verið spáð 2,2% ársvexti
- Gert ráð fyrir um 11% árshagvexti á Q2 en það endurspeglar ekki bara kröftugan bata á Q2 heldur einnig grunnáhrif frá Q2 í fyrra
- Horfur fyrir árið í heild batna frá maí: spáð 4% hagvexti (3,1% í PM 21/2) ... áþekkur hagvöxtur á næsta ári en hægir á vexti 2023

Ársfjórðungslegur hagvöxtur¹

4. ársfj. 2019 - 1. ársfj. 2021



Hagvöxtur og framlag undirliða 2015-2023¹






1. Árstíðarleiðrétt gögn. Gögn fyrir röðina PM 2021/2 sýna mælingar Hagstofu Íslands frá febrúar sl. að 1. ársfj. 2021 undanskildum sem sýnir grunnspá PM 2021/2. 2. Grunnspá Seðlabankans 2021-2023. Brotalína sýnir spá frá PM 2021/2.

Heimildir: Hagstofa Íslands, Seðlabanki Íslands.

Aukin atvinna og fjölgun lausra starfa

- Störfum heldur áfram að fjölga og atvinnuþátttaka er orðin svipuð og hún var fyrir farsóttina
- Lausum störfum fjölgaði mikið á Q2 og voru tæplega tvöfalt fleiri en á Q2/2019 ... þá vilja tæplega þriðjung fleiri fyrirtæki fjölga starfsfólki en fækka því – munurinn álíka jákvæður og hann var 2016 þegar mikill uppgangur var í þjóðarþúinu





1. Fjöldi starfandi fólks skv. vinnumarkaðskönnun Hagstofunnar (VMK) og fjöldi launafólks skv. staðgreiðsluskrá ríkisskattstjóra. Launafólk 16-74 ára inniheldur einnig þá sem voru í fæðingarorlofi og þá sem voru með reiknað endurgjald. Launafólk alls undanskilur þá hópa en inniheldur launafólk á öllum aldri. Þriggja mánaða hreyfanlegt meðaltal árstíðarleiddra talna. Gögn fyrir launafólk eru árstíðarleidd af Seðlabanka Íslands. 2. Þriggja mánaða hreyfanlegt meðaltal árstíðarleiddra talna. 3. Laus störf skv. fyrirtækjakönnun Hagstofu Íslands og hlutfall fyrirtækja sem vilja fjölga eða fækka starfsfólki næstu 6 mánuði er úr könnun Gallup meðal 400 stærstu fyrirtækja landsins og eru gögnin árstíðarleidd af Seðlabanka Íslands.

Heimildir: Gallup, Hagstofa Íslands, Seðlabanki Íslands.

Minnkandi slaki og atvinnuleysi hjaðnar hraðar

- Fyrirtækjum sem segjast búa við skort á starfsfólki fjölgar einnig mikið og NF-vísitalan er nú svipuð og Q4/2019
- Slakinn í þjóðarbúinu að minnka hraðar en spáð var í maí: framleiðsluslakinn í ár 1% af framleiðslugetu í stað 2% í PM 21/2
- Atvinnuleysi komið í ríflega 6% og fer í 4½-5% 2023 og verður þá orðið svipað og það var í aðdraganda farsóttarinnar



1. Mælikvarðar fyrir nýtingu framleiðslupátta byggjast á viðhorfskönnun Gallup meðal 400 stærstu fyrirtækja landsins. Vísitala nýtingar framleiðslupátta (NF-vísitalan) er fyrsti frumþáttur valinna vísbendinga um nýtingu framleiðslupátta sem er skalaður til svo meðaltal hans er 0 og staðalfrávik 1. Ítarlegri lýsingu má finna í rammagrein 3 í PM 18/2. 2. Atvinnuleysi miðað við vinnumarkaðskönnun Hagstofu Íslands (VMK) og skráð atvinnuleysi Vinnumálastofnunar án hlutabóta (VMST). Grunnspá Seðlabankans 2021-2023. Brotalínur sýna spá frá PM 2021/2. 3. Grunnspá Seðlabankans 2021-2023. Brotalína sýnir spá frá PM 2021/2.

Heimildir: Hagstofa Íslands, Vinnumálastofnun, Seðlabanki Íslands.




Verðbólga

Verðbólga virðist hafa náð hámarki

- Verðbólga hefur verið yfir 4% frá áramótum og fór í 4,6% í apríl en hjaðnaði í 4,3% í júlí ... virðist hafa náð hámarki – sem sést betur þegar horft er til verðbólgu án húsnæðis (úr 4,8% í mars í 3,4% í júlí) og undirliggjandi verðbólgu (úr 4,6% í jan. í 3,8% í júlí)
- Áhrif gengislækkunar í fyrra fara greinilega minnkandi: hratt hefur dregið úr verðhækkunum innfluttrar vöru en einnig innlendarar


Verðbólga á ýmsa mælikvarða¹

Janúar 2019 - júlí 2021



Verð innlendarar og innfluttrar vöru

Janúar 2019 - júlí 2021





1. Undirliggjandi verðbólga er mæld með kjarnavísitölu (áhrif óbeinna skatta, sveiflukenndra matvöruliða, bensíns, opinberrar þjónustu og raunvaxtakostnaðar húsnæðislána eru undanskilin) og tölfræðilegum mælikvörðum (vegið miðgildi, klippt meðaltal, kvikt þáttalíkan og sameiginlegur þáttur VNV).

Heimildir: Hagstofa Íslands, Seðlabanki Íslands.

Hærra gengi og hækkun launa og húsnæðis vegast á

- ISK hefur hækkað um 3% frá áramótum og 9½% frá því það var lægst í sept. 2020 ... er þó enn 5½% lægra en í upphafi faraldurs
- Gengishækkun vegur á móti áhrifum kröftugrar viðspyrnu innlendrar eftirspurnar sem birtist m.a. í töluverðum launahækkunum og verðhækkun húsnæðis




1. Verð erlendra gjaldmiðla í krónum (þröng viðskiptavog). 2. Gildi fyrir 3. ársfjórðung 2021 byggist á tölum fyrir júlí. 3. Gögn fyrir höfuðborgarsvæðið. Árstíðarleiðréttur fjöldi kaupsamninga m.v. kaupdag.
 Heimildir: Hagstofa Íslands, Þjóðskrá Íslands, Seðlabanki Íslands.

Hækkun verðbólguvæntinga að ganga til baka?

- Vísbendingar voru um að kjölfesta verðbólguvæntinga í markmiði væri að veikjast í vor: væntingar heimila (2 ára) og fyrirtækja (5 ára) hækkuðu og verðbólguálagið hækkaði yfir allar tímalengdir ... en nýjustu mælingar gætu bent til þess að hækkunin sé mögulega tekin að ganga til baka (þótt 5 ára væntingar fyrirtækja hækki aftur og væntingar markaðsaðila hækki lítillega)


Verðbólguvæntingar til 2 og 5 ára¹

1. ársfj. 2018 - 3. ársfj. 2021



Verðbólguálag á skuldabréfamarkaði²

Janúar 2018 - ágúst 2021




1. Kannanir Gallup á verðbólguvæntingum heimila og fyrirtækja og Seðlabankans á verðbólguvæntingum markaðsaðila. Miðgildi svara. 2. Meðaltal mánaða.
Heimildir: Gallup, Seðlabanki Íslands.

Heldur hægari hjöðnun verðbólgu en áður var spáð


- Gengi krónunnar hefur hækkað heldur meira en spáð var í maí og gert er ráð fyrir að það haldist hærra út spátímann
- Verðbólga á Q2 í takt við spá en verður heldur meiri út árið og hjaðnar lítillega seinna í markmið ... hraðari minnkun slaka í ár, meiri hækkun alþjóðlegs hrávöruverðs og þrálátari kostnaðarþrýstingur vegna framleiðslutruflana skýra breytinguna

Gengi krónunnar 2015-2023¹



Verðbólguþspá og óvissumat

1. ársfj. 2015 - 3. ársfj. 2024



1. Þröng viðskiptavog. Grunnspá Seðlabankans 2021-2023. Brotalína sýnir spá frá PM 2021/2.
Heimildir: Hagstofa Íslands, Seðlabanki Íslands.

Peningamál í hnotskurn



Alþjóðlegum efnahagsbata miðar áfram með aukinni bólusetningu



Meiri fjölgun ferðamanna í sumar en áður spáð en lakari horfur á Q4



Spáð um 4% hagvexti í ár og á næsta ári – horfur batna í ár frá maíspá



Störfum fjölgar og atvinnuleysi minnkar hraðar en spáð var í maí



Verðbólga í takt við spá á Q2 en hjaðnar lítillega hægar en áður var talið



Mikil óvissa – ekki síst tengt farsótt og virkni bólusetningar



Ritið í heild



Kynning aðalhogfræðings



Power Point myndir



Myndagögn



Títt



Facebook